

# Rammahluti aðalskipulags á vestanverðu Kársnesi

*Kynning á tillögu á vinnslustigi, samráð og fyrirkomulag opins húss -  
Tillaga til umræðu í Kópavogi*

A1670-040-U05  
Dags. 11.12.2024

**Til stýrihóps:** Auðar D. Kristinsdóttur, skipulagsfulltrúa, Kristjönu H. Kristjánsdóttur og Andreu Kristinsdóttur, verkefnisstjóra.

**Frá:** Halldóru Hreggviðsdóttur, Drífu Árnadóttur, Dóru Hrólfsdóttur, Alta.

Hér eru settar fram hugmyndir að **tilhögun kynningar og samráðs** um tillögu að rammahluta aðalskipulags fyrir vestanvert Kársnes á vinnslustigi, sbr. 30. gr. skipulagslaga, til frekari umræðu í Kópavogi.

## Efnisyfirlit

|                                                                      |          |
|----------------------------------------------------------------------|----------|
| <b>1. Markmið samráðs</b>                                            | <b>1</b> |
| <b>2. Kynning á tillögu á vinnslustigi</b>                           | <b>2</b> |
| • Kynning á vef Kópavogsbæjar og öðrum miðlum sem Kópavogsbær nýtir. | 2        |
| • Opið hús hjá Ými                                                   | 2        |
| • Forsvarsmenn í Kópavogi kynni í fjölmiðlum                         | 2        |
| • Plaköt útbúin                                                      | 2        |
| • Kynningarbréf til íbúa og eigenda húsnæðis                         | 2        |
| <b>3. Opið hús - skipulag og útfærsla</b>                            | <b>2</b> |
| <b>4. Praktískur undirbúningur</b>                                   | <b>3</b> |
| <b>5. Úrvinnsla</b>                                                  | <b>3</b> |

## 1. Markmið samráðs

- Að kynna vel tillögu á vinnslustigi fyrir íbúum og öðrum hagaðilum til að fá viðbrögð þeirra, yfirlit yfir áhyggjuefni, hvað þeim hugnast og tillögur að áréttungum og breytingum. Þannig fáiist efniviður fyrir Kópavogsbæ til áréttingar, breytinga og fínþússningar, sem nýtist til að ljúka tillögunni til auglýsingar skv. 31. gr. skipulagslaga.
- Að hagaðilar finni fyrir mikilvægi samtalsins á milli þeirra og bæjarins og að enn sé svigrúm fyrir breytingar á rammahlutanum.
- Að kynna fyrir hagaðilum hvers konar stefna rammahlutinn er og hvernig rammahlutinn verður nýttur í framhaldi við gerð deiliskipulagsáætlana, til uppbyggingar og val á lykil framkvæmdum í almenningsrýmum.

Áherslur í kynningu verði á:

- Tækifæri sem felist í þeim breytingum sem sett er stefna um í rammahlutanum. Þeim verði miðlað á einfaldan hátt.
- Einstök framfaraverkefni sem farið verður í strax í framhaldi, Kópavogsbær ákveður hver þau eru en þau gætu t.d. snúist um endurhönnun og gerð gatna og almenningsrýma og hönnun og uppbyggingu Kársnesstígs.

- Staðarstjórnun, sem felst í því að ýta undir staðaranda með því að slá tóninn fyrir þróun svæðisins með tímabundnum notum og viðburðum s.s. torg í biðstöðu, listasýningar o.s.frv. til nánari ákvörðunar hjá Kópavogsbæ.

## 2. Kynning á tillögu á vinnslustigi

Tillagan verður kynnt á vinnslustigi í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar en einnig er lagt til að hún verði kynnt á eftirfarandi hátt:

- **Kynning á vef Kópavogsbæjar og öðrum miðlum sem Kópavogsbær nýtir.**  
Kynningin verður tilbúin áður en vinnslutillagan er kynnt og verður aðgengileg fram að lokum vinnslutímans. Þar verði:
  - Upplýsingar um rammahlutann, ferlið framundan og hvað rhl. er.
  - Einnig verði vísað á Skipulagsgáttina og sagt frá opnu húsi og gefið upp netfang þar sem hægt er að senda inn athugasemdir.
  - Kynning Alta á rammahlutanum sem nýtt verður einnig í Opnu húsi.
- **Opið hús hjá Ými**
  - Fimmtudaginn # janúar frá 16:00 - 19:00, laugardaginn #. janúar 13-16 og mánudaginn #. janúar 16:00 - 19:00.
- **Kynning í fjölmiðlum**
  - Tillagan verði kynnt í fjölmiðlum eins og kostur er, ferlið og opna húsið.
  - Grein í Kópavogspóstinn og auglýsing þar.
  - Aðrir fjölmiðlar?
- **Plaköt útbúin**
  - Markmið þeirra að kynna vel hvar og hvernig má kynna sér tillögu á vinnslustigi. Þeim verði dreift í verslanir, bókasöfn, sundlaugar, o.fl. stöðum.
- **Kynningarbréf til íbúa og eigenda húsnæðis**
  - Verður sent á aðila á vestanverðu Kársnesi til þess að láta vita af kynningu á vinnslustigi í Skipulagsgátt og opnu húsi.

## 3. Opið hús - skipulag og útfærsla

Möguleg tilhögun og áherslur:

- Opna húsið verði haldið þrisvar sinnum, sitt hvoru megin helgar og svo einu sinni um helgi, þar sem fólk er boðið velkomið sem mikilvægir gestir.
- Gestgjafar á opna húsinu verði að ~4 aðilar til að leiðbeina og svara fyrirspurnum gesta, t.d. tveir frá Kópavogsbæ og tveir frá Alta. Þeir séu virkir í að taka á móti og leiða fólk um vettvanginn.
- Boðið verður upp á veitingar á opna húsinu s.s. kaffi, te, vatn, djús og kleinur og vínber.
- Boðið verði upp á afþreyingu fyrir börn þar sem börn geta sest og litað og skrifað t.d. á kort af vestanverðu Kársnesi og eða blöð, sem þau gætu tekið með sér heim eða skilið eftir og þær verið hengdar á vegg í opna húsinu.
  - Annað - fleira?

Hér eru fyrstu hugmyndir að útfærslu á opna húsinu:

- **Skipulagið verður kynnt vel:**

- Kynning á rammahlutanum, ca. 10 mín, verður tekin upp og gestir geta sest og hlustað á hana þegar þeir koma á opna húsið. Þessi kynning gæti líka verið á vefnum hjá Kópavogsbæ.
- Þrjú útprentuð og innbundin eintök af rammahlutanum í heild verða til sýnis, sem að fólk getur flett og skoðað.
- **Helstu kort og upplýsingar úr tillögunni verða á spjöldum** þar sem hægt er að rekja sig áfram.
  - Starfsfólk hafi frumkvæði að því að leiða fólk um kynninguna eins og því þykir henta.
- **Upplýsingaspjald verður útbúið um það hvað rammahluti aðalskipulags er** og hvernig það verður nýtt í frh. sbr. efnivið á vef Kópavogsbæjar.
- **Útbúin verði samráðsgögn** sem miði að því að gefa gestum góða tilfinningu fyrir svæðinu og leiðum til að koma með ábendingar.
  - Útbúin yrðu amk tvö kort í ca. 2XA0, annað af rammahlutakortinu og hin væri loftmynd.
    - Fulltrúi frá Alta eða Kópavogsbæ væri ávallt við þessar myndir til að útskýra, ræða um svæðið og taka niður athugasemdir.
    - Gestir gætu sett inn ábendingar og athugasemdir með post-it notes o.fl.
  - Fleiri leiðir skoðaðar.
- **Kassi og blöð fyrir ábendingar þar sem hægt verður að skila inn ábendingum.**
- Fleira?
- **Alta**
  - útbýr tillögu að gögnum sem yrðu til á opnu húsi og býr til kynningu og tekur upp. Svipuð kynning og verður á fundi Skipulagsráðs.
  - Útbýr kostnaðaráætlun fyrir sína vinnu fyrir opna húsið og sendir út til Kópavogsbæjar í framhaldi af fundi með Skipulagsráði 16. des.

## 4. Praktískur undirbúningur

### Aðstaða

Kópavogsbær sér um að setja upp aðstöðu fyrir opna húsið. Atriði sem þarf að huga að og hafa til reiðu eru m.a.:

- Panta þarf Ými.
- Afmarkað rými með aðstöðu þar sem hægt er að setjast og horfa á ca. 10 mínútna kynningu á skipulaginu, á meðan á opna húsinu stendur.
- Veitingar.
- Kassi fyrir samráð - Alta.
- Borð fyrir samráðsmyndir.
- Upphengi fyrir plaköt.

## 5. Úrvinnsla

Útbúin verður stutt samantekt með upplýsingum um það helsta sem fram kom í samráðinu á opna húsinu og af skipulagsgátt. .